

Reykjavíkurborg

b/t Skipulags- og samgönguráð

skipulag@reykjavik.is

Málskot

Ágæta ráð

Við höfum áður sent skipulagsfulltrúanum í Reykjavík fyrirspurn varðandi það hvort hækkun fái á fyrirhuguðum byggingum að Rökkvatjörn nr. 6 og 8, samkvæmt fordæmi og í samræmi við nálægar byggingar í Úlfarsárdalshverfi. Þar sem okkur fannst svarið rýrt og rökstuðningur óskýr óskuðum við eftir fundi með skipulagsfulltrúa. Sá fundur var haldinn hinn 29. október síðastliðinn. Á þeim fundi var helst vísað til þess að ekki væri fyrir hendi fordæmi í núverandi skipulagi sem var samþykkt í febrúar. Við viljum hins vegar vísa til þess að upphaf þessa hverfis nær mun lengra aftur og þegar það er tekið með þá sýnist okkur verulegur fjöldi fordæma vera fyrir hendi um þéttingu, viðbætur og hækkunir bygginga í hverfinu. Við kjósum því að skjóta málinu til Skipulags- og samgönguráðs til ákvörðunar um það hvort hækkun fái á umræddar byggingar þannig að fjöldi hæða verði 4 til 5. Viðleitni okkar með þessu er að geta byggt húsnæði með hagkvæmari hætti til hagsbóta fyrir kaupendur.

Virðingarfyllt

Reykjavík 16.11.2018

f.h. Bf. Sperrur ehf.

Björgvin Ibsen Helgason, stjórnarformaður

cc. Róbert Jack, rafvirkjameistari og byggingarstjóri

Baldur Jack, rafvirkjameistari

Heiða Jack, landslagsarkitekt